

Skrifstofa Landgæða
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasund 1-3
101 Reykjavík
postur@uar.is



Reykjavík, 11. Ágúst. 2020

Efni: Umsögn SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 60/2013, um náttúruvernd (málsmeðferð o.fl.)

SAF – Samtök ferðaþjónustunnar hafa yfirfarið áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 60/2013 sem var birt á samráðsgátt stjórnvalda 26.07.2020 (mál nr. 139/2020). Frumvarpið snýr að mestu að breytingum á 38. og 39. gr. náttúruverndarlaga nr.60/2013 og miða breytingar að styttingu á kynningartíma friðlýsingaráforma. Eins eru áformaðar breytingar á 41. gr. náttúruverndarlaga sem miða að því að færa heimildir til að veita undanþágur frá ákvæðum friðlýsinga til umhverfisstofunnar. Þá er áformað að bæta við skyldu til að kortleggja óbyggð víðerni og rýmka bann við losun úrgangs.

Samtökin fagna fyrirhugðum áformum um lagabreytingar. Einföldun og aukin skilvirkni laga er alltaf af hinu góða.

SAF – Samtök ferðaþjónustunnar vilja koma á framfæri eftirfarandi ábendingum varðandi áform um lagabreytingar.

A. Stytting kynningarfrests á áformum einstakra friðlýsinga á grundvelli 38.gr náttúruverndarlaga nr. 60/2013, úr átta vikum í 2 vikur.

Samtökin vilja minna á mikilvægi þess að kynningartími friðlýsinga sé metinn út frá umfangi friðlýsingar. Í þeim tilfellum þar sem umfang friðlýsinga er mikið eða friðlýsing umdeild þarf oft að huga að betri og meiri kynningu. Þá þurfa umsagnaraðila og aðrir hagaðila tíma til að við sé upplýsingum og viðhorfum svo hægt sé að skila góðri og uppbyggilegri umsögn.

Eins er mikilvægt að horft sé til þess árstíma sem friðlýsingatillaga er auglýst og vilja samtökin benda á að yfir hásumar megji ætla að 2 vikur í kynningartíma sé skammur fyrirvari.

Nær væri að kynningartími yrði stytur í 4 vikur sem þá bæði gæfi nægan tíma til upplýsingaöflunar og vinnslu umsagna.

Þá vilja samtökin einnig koma með ábendingu um að með styttri kynningartíma er sé gerð aukin krafa til gæða og gagnsæis friðlýsingatilagna.

- B. *Stytting kynningar á drögum friðlýsingaskilmála skv. 2 mgr. 39. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 verðir styttnr úr þrem mánuðum í 6 vikur.*

Samtök ferðaþjónustunnar lýsa yfir ánægju með áform um styttingu á kynningartíma á drögum friðlýsingarskilmála. 3 mánuðir fyrir slíka kynningu eru að mati samtakana full langur kynningartími.

SAF – samtök ferðaþjónustunnar vilja ítreka að með styttri kynningartíma fylgir krafa um aukin gæði og gagnsæi ætlaðra friðlýsingarskilmála. Þá vilja samtökin benda á að til að gæta sanngirnis gagnvart hagaðilum ættu friðlýsingaskilmálar að vera kynntir á fleiri stöðum en einungis í B-deild Stjórnartíðinda. Þannig vilja samtökin beina því til ráðuneytis að slíkar auglýsingar sé birtar sem víðast á landsvísu og jafnframt á heimasíðum ráðuneytis og Umhverfisstofnunar. Þar má horfa til 2. mg. 36. gr. umhverfislaga (nr. 60/2013).

- C. *Áform um að færa heimild til að veita undanþágu frá ákvæðum friðlýsinga skv. 41. gr. til umhverfisstofnunar.*

Samtök ferðaþjónustunnar fagna því að uppi séu áform um að færa vinnslu undanþágu heimilda frá ákvæðum friðlýsingar til umhverfisstofnunar. Með þeirri tilfærslu opnast fyrir möguleika kærheimild á stjórnarsýslustigi. Þetta ýtir undir sanngjarnari málsmeðferð og aukið gagnsæi hjá hinu opinbera.

- D. *Áform um að bæta við skyldu til að kortleggja óbyggð víðerni.*

Samtökin styðja við það að kortlagning óbyggðra víðerna verði gert að skyldu. Með kortlagningu og skilgreiningu á þeim svæðum sem falla undir hugtakið minnkar flækjustig þegar kemur að friðlýsingu og náttúruvernd. Mikilvægt er þó að fram komi í lögum hvaða stofnun sé ábyrg fyrir kortlagningu og skilgreiningu. Þá vilja samtökin ýta á að tilgreint sé í lögum hvernig kynning á friðlýsingu óbyggða sé háttað svo hagaðilar hafi möguleika á skila inn athugasemdum og umsögnum um slíkar friðlýsingar.

- E. *Áform um að bann við losun úrgangs verði rýmkað til að ná yfir svæði í náttúru almennt en ekki bara áningarstaði og tjaldstaði.*

Samtökin lýsa yfir ánægju með þessi áform enda náttúra Íslands ein af helstu auðlindum samfélagsins.

Samtökin vilja að lokum minna á mikilvægi þessa að eiga gott samráð við hagaðila við alla vinnu sem snýr að friðlýsingum.

Virðingarfyllt,

Ágúst Elvar-Bjarnason

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar